Alþingi
Erindi nr. Þ 119/64
komudagur 7/6 1995

# SÍMBRÉF

| | | |
|---|---|---|
| TIL | : | Landbúnaðarnefnd, Þórshamri, Elín Blöndal |
| SÍMI | : | |
| SÍMBRÉF | : | 563-0610 |
| FRÁ | : | |
| FYRIRTÆKI | : | Hagkaup hf. |
| SÍMI | : | 563 5051 |
| SÍMBRÉF | : | 568 4179 |
| DAGSETNING | : | 07.06.95. |
| SENDAR BLS. MEÐ FORSÍÐU | : | 5 |

Samkvæmt beiðni sendi ég meðfylgjandi gögn.

Með kveðju,

Óskar Magnússon.

# HAGKAUP

Alþingi Íslendinga,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Þórshamri við Templarasund,
Reykjavík.

Reykjavík 7. júní 1995.

Með bréfi dags. 2. júní s.l. fór efnahags- og viðskiptanefnd þess á leit við okkur að við létum í té umsögn okkar um framkomið frumvarp til laga um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Umsögn okkar fer hér á eftir a því marki sem kostur var að taka hana saman á þeim stutta tíma sem okkur var ætlaður.

Það er skoðun okkar að frumvarpið, verði það að lögum, muni ekki ná þeim yfirlýsta tilgangi að opna fyrir innflutning á landbúnaðarafurðum til Íslands umfram það sem verið hefur. Gildir þá einu hvort um er að ræða innflutning samkvæmt svo nefndum lágmarksaðgangi eða innflutning með 30% tollum og krónutölujöfnun. Báðar aðferðirnar leiða til mun hærra verðs á innfluttri vöru en innlendri og er munurinn ekki 30% eins og í fyrstu mátti skilja heldur mun meiri og í raun óvöráðanlegur í flestum tilfellum. Þetta leiðir til þess að við höfum almennt ekki í hyggju innflutning á landbúnaðarvörum þótt vera kunni að einstakar afurðir finnist sem hægt verði að selja á samkeppnisfæru verði á Íslandi.

Svo virðist sem þessi mikli verðmunur stafi meðal annars af því að svokallað heimsmarkaðsverð sem miðað er við er allt of lágt borið saman við raunverulegt markaðsverð í dag. Þannig kemur til dæmis í ljós að frumvarpið gerir ráð fyrir að "heimsmarkaðsverð" á svínakótilettum sé kr. 195 pr. kg. en það verð sem við getum fengið þá vöru keypta á erlendis er kr. 463 pr. kg. "Heimsmarkaðsverð" á svínahnakka er sagt kr. 96 pr. kg. en raunverulegt markaðsverð er kr. 405 pr. kg. Á sama hátt er "heimsmarkaðsverð á nýmjólk ákveðið kr. 10 en er raunverlulega nær kr. 47. Nánar má sjá þennan mismun í hjálögðum lista sem við höfum útbúið af þessu tilefni. Því miður vannst ekki tími til að afla upplýsinga um lambakjöt og nautakjöt en þær upplýsingar eru á leiðinni. Samkvæmt listanum kemur þó í ljós að munur á "heimsmarkaðsverði" og raunverulegu verði kjúklinga er mjög lítill, kr. 81 á móti kr.

Skeifan 15, P.O.Box 8780, 128 Reykjavík, Ísland • sími: 563 5000, telex: 2199 haglol is, bréfsími: 568 4179, kt. 671280-0169

88. Þannig sýnist mögulegt að flytja inn kjúkling verðsins vegna en sú spurning kann þá að vakna hvort sjórnvöld muni telja heilbrigðisástæður eiga að koma í veg fyrir slíkan innflutning.

Hér er um niðurstöðu okkar að ræða í aðalatriðum. Hún er jafnframt studd gögnum frá Neytendasamtökunum sem fylgja hjálagt svo og áliti Þjóðhagsstofnunar frá mars 1992. Þar er sett fram sú skoðun að mjög sé vafasamt að til sé ákveðið heimsmarkaðsverð sem unnt sé að miða við.

F.h. Hagkaups hf.

Óskar Magnússon.

Hlutfallslegur samanburður, innlent verð=100

Sheet5

Heildsöluverð

| | Innlent | Innflutt án tolla | Innflutt m/ lágmarkstolli | Innflutt m/ fullum tolli | Innflutt m/ rauntollum | Innlent | Innflutt án tolla | Innflutt m/lágmarkstolli | Innflutt með fullum tolli | Innflutt m/ rauntolli |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3% 32% af ofart. | ofurtolla 3-1 | | | | | | |
| Svínakótilettur | 100 | 55 | 147 | 344 | 166 | 824 | 453 | 1214 | 2831 | 1364 |
| Svínalæri m/beini | 100 | 35 | 93 | 218 | 150 | 480 | 167 | 448 | 1044 | 721 |
| Svínalundir | 100 | 70 | 187 | 436 | 204 | 1050 | 732 | 1962 | 4575 | 2147 |
| Svínagúllas | 100 | 40 | 108 | 252 | 160 | 950 | 383 | 1026 | 2394 | 1520 |
| Nautahakk | 100 | 68 | 152 | 323 | 173 | 600 | 408 | 909 | 1936 | 1040 |
| Nautagúllas | 100 | 56 | 121 | 253 | 144 | 851 | 480 | 1032 | 2155 | 1223 |
| Nautafile | 100 | 56 | 120 | 252 | 152 | 1285 | 720 | 1548 | 3233 | 1950 |
| Nautalundir | 100 | 61 | 131 | 275 | 159 | 1845 | 1128 | 2425 | 5065 | 2928 |
| Lambalæri | 100 | 50 | 114 | 246 | 130 | 595 | 300 | 681 | 1461 | 772 |
| Lambahryggur | 100 | 75 | 169 | 363 | 161 | 595 | 444 | 1008 | 2162 | 959 |
| Lambakótilettur | 100 | 89 | 201 | 432 | 178 | 609 | 540 | 1226 | 2630 | 1084 |
| Kókómjólk | 100 | 73 | 89 | 141 | 139 | 83 | 61 | 74 | 117 | 115 |
| Egg | 100 | 24 | 60 | 136 | 124 | 262 | 63 | 157 | 357 | 325 |
| Kjúklingur | 100 | 31 | 77 | 172 | 124 | 524 | 162 | 403 | 899 | 650 |
| Kalkúnn | 100 | 23 | 60 | 135 | 116 | 703 | 162 | 420 | 948 | 814 |
| Brauðostur | 100 | 66 | 189 | 441 | 165 | 545 | 360 | 1030 | 2401 | 898 |
| Gouda ostur | 100 | 64 | 184 | 429 | 160 | 560 | 360 | 1030 | 2401 | 898 |
| Brie ostur | 100 | 73 | 208 | 485 | 146 | 986 | 720 | 2052 | 4781 | 1436 |
| Smjör | 100 | 80 | 254 | 608 | 340 | 265 | 213 | 673 | 1612 | 900 |

rauntollur :

| | Heimsmarkaðsverð lanbúnaðarráðuneytis | Hagkaup FOB verð |
|---|---|---|
| svínakjöt 1/1 og 1/2 skrokkar | 86 | 162 kr/kg |
| svínakótilettur og hryggir | 195 | 463 " |
| svínalundir | 328 | 637 " |
| svínagúllas (vöðvar af læri) | 243 | 336 " |
| svínasnitsel (vöðvar af læri) | 243 | 521 " |
| svínahnakki m/beini (bógar og bógbitar) | 96 | 405 " |
| skinka meira en 60% kjöt | 243 | 463 " |
| | | |
| kjúklingar 1/1 | 81 | 88 kr/kg |
| kalkúnar 1/1 | 119 | 183 " |
| | | |
| nýmjólk | 10 | 47 kr/ltr |
| undanrenna | 7 | 50 " |
| rjómi | 92 | |
| smjör | 68 | 200 kr/kg |
| brauðostur | 114 | |
| | | |
| egg | 70 | 79 kr/kg |

*** TRANSMISSION REPORT ***

PRINT TIME 07.06.'95 15:42 ID:OSKAR MAGNUSS. HAGKAUP. +354-568-4179

| No. | START TIME | MODE | LOCATION | STORE PAGE | TX PAGE | RX PAGE | TOTAL TIME | CODE |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 07.06 15:41 | TX | 5630610 | ADF | 4 | 0 | 01'54" | OK |